

Skil á hlutafjármiðum til skattyfirvalda

Embætti ríkisskattstjóra minnir á skyldu hlutafélaga og einkahlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjármiðum vegna ársins 2006. Mikil bót varð á þessum skilum á síðasta ári þegar sambærileg áminning var send og unnt var í fyrsta sinn að skila hlutafjármiðum með rafrænum hætti. Skila skal upplýsingum um hlutafjáreign allra hluthafa í árslok 2006, innlendra sem erlendra. Miðunum á að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2006. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **6. febrúar 2007**. Sé upplýsingunum skilað á pappírformi er skilafresturinn styttri, eða til 26. janúar. Vanskilum á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skylduskil þeirra á meðfylgjandi skilagrein fjármagnstekjuskatts og á skattframtali 2007.

Vakin er sérstök athygli á því að unnt er að skila umræddum upplýsingum í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á vefnum. Kerfi þetta auðveldar til muna þessi upplýsingaskil en aðgangur að því er í gegnum þjónustusíðu lögaðila og krefst veflykils.

ALLT UM
rafræn skil
á rsk.is/vefskil

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er að finna á slóðinni rsk.is/vefskil
eða í síma 563 1100.

ÞJÓNUSTUSVIÐ RÍKISSKATTSTJÓRA